

Fundargerð

17. fundur stjórnar Frjálsíþróttasambands Íslands, á starfstímabilinu 2004-2006, var haldinn í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, miðvikudaginn 2. nóvember 2005, kl. 20:00.

Fundinn sátu: Jónas Egilsson, formaður, Einar K. Jónsson, Stefán Halldórsson, Unnur Sigurðardóttir, Birgir Guðjónsson, Guðmundur G. Kristinsson, markaðsstjóri og Egill Eiðsson framkvæmdastjóri. Sonja Sif Jóhannsdóttir boðaði forföll.

1. Fundargerð 16. fundar lögð fram og samþykkt.

2. Fjármál.

- a) Staða fjármála sambandsins.
Gjaldkeri og framkvæmdastjóri fóru yfir stöðu fjármála.
Lausafjárstaða sambandsins er neikvæð, sem m.a. skýrist af minni tekjum, óhagstæðrar gengispróunar sl. tvö ár og þar sem lottótekjur fyrstu níu mánuði ársins, eru lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir.
Gjaldaliðir eru samkvæmt áætlun, en þar er kostnaður vegna keppnisferða erlendis hár á sambandið á þessu ári, en FRÍ greiðir nú nær allan hlut í ferðum íþróttafólks erlendis, eitt fárra sérsambanda innan ÍSÍ. Yfirdráttur á tékkareikningi hefur verið viðvarandi frá sl. ári og hefur þurft að hækka hann töluvert á seinni hluta þessa árs til að geta staðið í skilum.
- b) Gjaldkeri lagði fram drög að rekstraráætlun vegna ársins 2006. Rætt.
- c) Lántaka. Samþykkt heimild stjórnar til að gjaldkera og framkvæmdastjóra að taka lán, allt að sex milljónum til að greiða lausaskuldir, yfirdrátt í banka og stofnkostnað vegna Merkisberaverkefnissins.
- d) Frjálsíþróttablaðið. Lögð fram drög að uppgjöri vegna 3. tbl.
Frjálsíþróttablaðsins, sem út kom 13. okt. sl. Fram kom að áætlaður hagnaður af útgáfunni er um 450 þúsund krónur. Guðmundur Kristinsson hafi veg og vanda af útgáfunni að þessu sinni og er það álit stjórnar að mjög vel hafi tekist til með efni, útlit og auglýsingasöfnum í blaðið. Stefnt að því að halda áfram og gefa út tvö tölublöð á næsta ári.
- e) Merkisberaverkefnið. Samningar eru á lokastigi við aðalstyrktaraðila vegna verkefnissins, en fjórir styrktaraðilar eru þegar komnir í verkefnið og því stutt í að hægt sé að ýta því úr vör.

3. Þing og fundir.

- a) Móta- og aukaping EAA 13. – 15. okt. sl.
Stefán Halldórsson greindi frá framkvæmd mótaþings EAA, sem fram fór fyrir rúmum hálfum mánuði á Nordica hótelinu. Ljóst er að öll framkvæmd tókst mjög vel og hefur borist mikið af jákvæðum skilaboðum erlendis frá, bæði frá EAA og einstökum þingfulltrúum til FRÍ. Stefán sagðist sérstaklega ánægður með að hægt hafi verið að sýna forystufólki í frjálsíþróttamálum í Evrópu nýju höllina í Laugardal og það eigi vonandi eftir að skila sér með þátttöku erlends frjálsíþróttafólks til æfinga og keppni hér á landi á næstu árum.
Fjárhagslegt uppgjör liggur ekki fyrir ennþá, þar sem allir reikningar eru enn ekki komnir í hús.
Formaður óskaði Stefáni og undirbúningsnefndinni til hamingju með framkvæmdina á þinginu, sem hann sagði að hefði verið FRÍ til mikils sóma, ekki síst vegna góðrar stjórnar Stefáns á verkefninu. Aðrir stjórnarmenn tóku undir orð formanns og þökkudu Stefáni hans mikla framlag í verkefninu.
- b) Lögð fram tillaga um að Mótaþing FRÍ verði haldið laugardaginn 26. nóvember nk. í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Samþykkt.

Mótaskrá 2006 og önnur mótamál verða til umræðu á þinginu.
Framkvæmdastjóri sendi tilkynningu til sambandsaðila um þingið.

4. Íþróttamál.

- a) NM í víðavangshlaupi 12. nóv. nk. í Hamina, Finlandi.
Staðfest tillaga ÍÞA um val á keppendum: Kári Steinn Karlsson, Stefán Guðmundsson og Íris Anna Skúladóttir valin til að taka þátt í flokki unglunga 19 ára og yngri. Fararstjóri og þjálfari verður Fríða Rún Þórðardóttir, unglingalandsliðsþjálfari. Framfarir, hollvinafélag millivegalengda og langhlaupara hefur veitt FRÍ styrk vegna þessa verkefnis að upphæð kr. 120.000.-
- b) Vígslumót í nýju Laugardalshöllinni. Rætt.
- c) Landsliðsþjálfaramál. Rætt.
- d) Styrkumsóknir í sjóði ÍSÍ.
Lögð fram tillaga frá Íþróttá- og afreksnefnd um einstaklingsstyrki.
Framkvæmdastjóri sér um að ganga frá umsóknum og skila til ÍSÍ á tilsettum tíma í samráði við stjórn fyrir 7. nóvember nk.
- e) Formaður greindi frá umsókn til IAAF um leyfi til að koma á fót svokölluðu ATC (Athletic Training Centre) í nýju Laugardalshöllinni, sem yrði þá alþjóðleg æfingaaðstaða, sem erlendir íþróttamenn gætu nýtt fyrir æfingabúðir á Íslandi í framtíðinni. Þessar miðstöðvar þurfa að uppfylla ýmis skilyrði til að fá staðfestingu og leyfi frá IAAF.

5. Innsend erindi/lagt fram.

- a) ÍSÍ, dagsett 30. sept. sl., aukaumsóknir frá FRÍ í Afrekssjóð og SUOE.
Fram kom að FRÍ fékk úthlutað kr. 300.000.- vegna Silju Úlfarsdóttur, en aukaumsóknum fyrir fjóra unglunga í sjóð ungra og framúrskarandi efnilega íþróttamanna var vísað til afgreiðslu fyrir árið 2006.
- b) ÍSÍ, dagsett 30. sept. sl., styrkveiting frá ÍSÍ vegna mótaþings EAA.
Framkvæmdastjórn ÍSÍ samþykkir að veita FRÍ styrk vegna Mótaþings- og aukapings EAA að upphæð 1 milljón króna.
- c) ÍSÍ, dagsett 3. okt. sl., boð á formannafund ÍSÍ 25. nóv. nk.
Formaður mun sækja fundinn, sem fram fer í Keflavík.
- d) EAA, dagsett 6. okt. sl., niðurstaða úr ATO prófi í Köln.
- e) Norðurlandafundur framkvæmdastjóra. Drög að fundargerð frá fundinum, sem fram fór í Reykjavík 23.-24. sept. sl. lögð fram.
- f) Lagt fram afrit af þakkarbréfi frá FRÍ til IAAF vegna dvalar Bergs Inga Péturssonar í æfingabúðum í Kuortane í Finlandi á vegum IAAF á árinu.
- g) Lögð fram skýrsla aðalfararstjóra frá Smáþjóðarleikunum á Andorra.
- h) Lögð fram skýrsla aðalfararstjóra frá Ólympíuhátíð evrópuæskunnar í Lignano.
- i) Lögð fram þakkarbréf til FRÍ frá formanni og framkvæmdastjóra EAA vegna framkvæmdar Móta- og aukapings EAA á Íslandi, þar sem þeir lýsa þeirri skoðun að einstaklega vel hafi tekist til með þingin.

Fundi slitið kl. 22:20
Fundargerð ritaði Egill Eiðsson